



Heimildir og þvingunarúrræði

Steinþór Arnarson

23. febrúar 2015

Tímamót í dýravelferð



Eftirlit með dýravelferð

- Hvernig er eftirlitið uppbyggt?
- Hver fer með eftirlitið?
- Hvaða fyrirtæki og einstaklingar eru undir eftirliti?
- Hvernig á tíðni eftirlits að vera?



Uppbygging eftirlits

- Matvælastofnun hefur eftirlit með að lögunum sé framfylgt.(4.gr.)
- Eftirlit er ekki byggt upp sem leyfiskerfi
- Þeir einstaklingar eða þau fyrirtæki sem eru með dýr og sinna dýrum með einhverjum hætti eru undir eftirliti.
- Allir sem þurfa að fara að lögum um velferð dýra geta mögulega fengið eftirlit.

Tíðni eftirlits

- Starfsemi samkvæmt lögum þessum er háð reglulegu eftirliti Matvælastofnunar (13. gr.)
- Annað eftirlit er óreglulegt og byggist þá á bændingum eða öðru tilefni.
- Hvað er starfsemi samkvæmt lögum þessum?



Tíðni eftirlits

- Starfsemi ekki tilgreind eða skilgreind í lögunum.
- Orðið starfsemi er almennt notað um rekstur, atvinnu eða umsýslu.
- Umfangsmikið dýrahald, tæknivætt dýrahald, tæknivætt starfsemi er tilkynningarskyld samkvæmt lögunum og er sömuleiðis starfsemi í skilningi laganna.
- Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun (13. gr.)

Eftirlitsheimildir

- Matvælastofnun er heimilt að fara á hvern þann stað sem dýr eru haldin. (34. gr.)
- Umráðamanni ber að veita aðgang að húsakynnum og veita upplýsingar. (34. gr.)
- Dómsúrskurð þarf ef neitað er um aðgang til að sinna eftirliti í húsnæði.
 - Neitun um aðgang getur haft í för með sér beitingu þvingunarúrræða.
- Lögreglu áfram heimilt að fara án dómsúrskurðar ef brýn hætta talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum skaða.

Beiting laganna vegna brota

- Krafa um úrbætur – 2. mgr. 36. gr.
 - Matvælastofnun er heimilt að gera kröfur um úrbætur
 - Hlýtur jafnan að teljast vægasta úrræðið og hagkvæmast fyrir alla aðila að bætt sé úr hlutum innan ákveðins tíma.
 - Jafnan fyrsti valkostur við úrlausn mál.
- Ef úrbótum ekki sinnt þarf að beita öðrum þvingunarúrræðum.

Beiting laganna vegna brota

- Stöðvun og takmörkun á starfsemi – 35. gr.
 - Matvælastofnun er heimilt að takmarka eða stöðva starfsemi þegar um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða eða ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests.
 - Beiting ákvæðisins kemur fyrst og fremst til greina þegar einhver starfsemi er í gangi. Sala eða kaup dýra, þjónusta við dýr o.þ.h.
 - Dæmi: Neitun um aðgang.

Beiting laganna vegna brota

- Úrbætur á kostnað aðila – 2. mgr. 36. gr.
- Umráðamaður bætir ekki úr sjálfur
- Stofnunin mun ekki fara í láta vinna úrbætur á húsnæði. Eðlilegra að beita vörslusviptingu.
- Ákvæðinu yrði líklega fyrst og fremst beitt samhliða því að dýr væru komin í vörslu Matvælastofnunar.
- Fóðrun, lækniaðstoð, umhirða s.s. hóf- og klaufhirða.
- Dæmi: ofvaxnir hófar

Dagsektir

1. mgr. 36. gr.

- Stofnunin getur beitt dagsektum
- Enginn sérstök skilyrði í ákvæðinu fyrir beitingu dagsekta.
- Eðlilegt að ákvæðinu yrði þó ekki beitt fyrr en að undangenginni kröfu um úrbætur.
- Ákvæðum um dagsektir lítið beitt

Vörslusvipting dýra 37. gr.

- Þegar kröfum um úrbætur er ekki sinnt má fara í vörslusviptingu dýra.
- Í tilvikum þar sem dýra líða fyrir umhirðuleysi eða lélegan aðbúnað er vörslusvipting oftast eina varanlega úrlausnin.
- Dagsektir t.d. bæta ekki velferð dýranna ef eigandi dýranna bregst ekki við í málinu.



Vörslusvipting dýra 37. gr.

- Vörslusviptingin einfölduð í nágildandi löggjöf
- Eldra fyrirkomulag vörslusviptingar
 1. Búfjáreftirlitsmaður tilkynnti málið til héraðsdýralæknis
 2. Héraðsdýralæknir kallaði til héraðsráðunaut eða fulltrúa Matvælastofnunar og fór í eftirlit og gerði kröfu um úrbætur
 3. Héraðsdýralæknir fór aftur síðar og tók út úrbætur.
 4. Héraðsdýralæknir óskaði eftir að lögregla framkvæmdi vörslusviptingu.
 5. Lögregla bar þá ábyrgð á málinu og tók formlega ákvörðun um vörslusviptingu.
 6. Vörslusvipting framkvæmd og dýrum komið í vörslu sveitarfélags.
 7. Lögregla ráðstafaði búfénaði í samráði við Matvælastofnun og sveitarfélag.

Vörslusvipting dýra 37. gr.

- Núverandi fyrirkomulag
 - Búfjáreftirlitsmaður ekki sérstakt stig í framkvæmdinni
 - Matvælastofnun er með eftirlitið frá upphafi.
 - Matvælastofnun kallar ekki til héraðsráðunaut.
 - Ef tilefni er til vörslusviptingar tekur Matvælastofnun ákvörðun um það en ekki lögregla.
 - Matvælastofnun annast framkvæmd vörslusviptingar og geymslu dýranna en ekki lögregla eða sveitarfélag.

Vörslusvipting dýra 37. gr.

- Málum sem þessum þarf að ljúka
 - Skila dýrunum þar sem úrbætur hafa verið gerðar
 - Selja dýrin eða láta aflífa þau.
- Dæmi um mál - Vörslusvipting á sauðfé
 - Ítrekaðar kröfur gerðar og miklar bréfaskriftir
 - Aðila máls skýrlega gert grein fyrir afleiðingum ef úrbótum ekki sinnt
 - Langur aðdragandi þar sem aðila var gert ljóst að ekki yrði farið inn í veturinn með lélegan aðbúnað.

Önnur þvingunarúrræði

- Dýr tekin úr vörslum umráðamanns strax sbr. 38. gr.
 - Nokkur nýleg dæmi vegna gæludýra
- Dýr aflífuð á staðnum sem orðið hafa fyrir varanlegum skaða
- Tímabundið bann við dýrahaldi 39. gr.
 - Fylgt eftir með kæru til lögreglu og þá síðar ákæru



Kostnaður af eftirliti og þvingunarúræðum

- Kostnaður af eftirliti og þvingunarúræðum er heimilt að innheimta hjá umráðsmanni dýra.
- Aukin tíðni eftirlits og aukið umstang vegna þvingunarúræða á að innheimta hjá umráðamanni dýra.
- Það eitt ætti að hvetja menn til að hafa hlutina í lagi.

Stjórnvaldssektir

- Stjórnvaldssekt er ekki þvingunarúrræði heldur refsing.
- Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á mann eða lögaðila sem brýtur gegn ákvæðum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. (1. mgr. 42. gr.)

Stjórnvaldssektir

- Stjórnvaldssektum er beitt þar sem um er að ræða fullframin brot.
- Alvarlegust málin eru kærð áfram til lögreglu
- Minniháttar mál er eingöngu lokið með beitingu þvingunarúrræðanna.
- Þegar stjórnvaldssektum er beitt er því um alvarleg mál að ræða en ekki þau allra alvarlegustu.

Kæra til lögreglu

- Brot sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar
- Matvælastofnun metur hvort mál skuli kært til lögreglu.
- Lögregla getur endursent málið til Matvælastofnunar til meðferðar og ákvörðunar.



Ákvörðun upphæðar sektar

- Sektir geta numið frá 10. þúsund til 1. milljón
- Hærri sekt ef menn hagnast á broti. Allt að tvöfaldur hagnaður en þó ekki hærri en 5 milljónir.
- Tekið tillit til alvarleika, hvað brot hafi staðið lengi, hvort brotið sé ítrekað o.fl..
- Sektum er beitt óháð því hvort um er að ræða gáleysi eða ásetning.
 - Mörg brot eru fyrst og fremst sinnuleysi.

Takk fyrir!

www.mast.is

